



Nefndasvið Alþingis
B.t. velferðarnefndar
Sent á netfangið nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. janúar 2024

Umsögn vegna stjórnarfrumvarps vegna framlengingar á tímabundnum stuðningi til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, 609. mál, 154. löggjafarþings.

Alþýðusambandi Íslands (hér eftir ASÍ) hefur borist umsagnarbeiðni vegna framangreinds máls. Um er að ræða framlengingu á stuðningi til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, en sá stuðningur var lögfestur með samnefndum lögum, nr. 87/2023. ASÍ sendi umsögn vegna þeirra lagasetningar, dags. 21. nóvember 2023.

Óumdeilt er að aðstæður í Grindavíkurbæ eru fordæmalausar og á sama tíma skelfilegar fyrir grindvískt samfélag. Framtíðarhorfur bæjarins eru bundnar mikilli óvissu bæði um hvort framtíð sé innan bæjarmarka, en ekki síður hve lengi sú óvissa mun vara. Í ljósi þeirra atburða sem að undan eru gengnir, fagnar ASÍ því og telur í raun nauðsynlegt og brýnt að framlengja þann stuðning sem hér er til umfjöllunar. Ljóst er að atvinnulíf í bænum liggur að miklu leitinu niðri eins og staðan er í dag og mun áfram gera. Atvinnurekendur standa frammi fyrir því að endurhugsa rekstur og rekstrarhorfur á meðan launafólk þarf að endurmeta stöðu sína út frá stórbreyttri mynd er varðar bæði búsetu en ekki síður atvinnu sem hvoru tveggja fylgist oft að.

Í því skyni vill þó ASÍ gera athugasemd við þau tímamörk sem lögð eru til er varðar gildistíma laganna, en stuðningnum er gert að ná til 30. júní nk. Hverjum manni er ljós sú mikla óvissa sem stendur frammi fyrir íbúum Grindavíkurbæjar, ekki bara næstu daga og vikur, heldur næstu mánuði og ár. ASÍ leggur því til að breytingar verði gerðar á frumvarpinu á þá leið að úrræðið mun í það minnsta ná út almanaksárið 2024. Þurfa þá þeir sem úrræðið nýta ekki að hugsa skammt fram í tímann í senn, heldur geta verið þess viss um að fá svigrúm til mats á stöðunni og viðhalda því vinnusambandi sem þá er í gildi. Slíkt er mikilvægt þegar jafn margir óvissuþættir mæða á íbúum bæjarfélagsins eins og raun ber vitni. Skilyrði laganna er varðar rétt til stuðnings eru skýr og mörkuð aðstæðum bæjarins og því ekki að sjá að lenging ein og sér breyti tilgangi laganna eða leiði til nýtingar fram úr hófi.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar ASÍ og þeirra ábendinga sem þar er að finna. Er m.a. áhersla lögð á að endurskoða fjárhæð þá sem miðað er við, en sú fjárhæð er beint tekin upp úr hámarksgreiðslum sem Ábyrgðasjóður launa greiðir vegna krafna hvern mánuð. Sú fjárhæð hefur þó á engan hátt hækkað í takti við verðlag og þróun launa hérlendis. Hún hefur raunar ekki hækkað síðan 2018, eða yfir tæplega sex ára tímaskeið. Ljóst er að endurskoðunar er þörf á fjárhæð þessari miðað við tilgang laganna, að viðhalda vinnusambandi.

Þá er lögð áhersla á að endurskoða rétt fólks til atvinnuleysistrygginga, en þau skilyrði sem um þær tryggingar gilda í dag eru margt um þröngar og ljóst er því að ákveðinn hópur þeirra sem missa atvinnu sína vegna ástandsins í Grindavík, geta lent á milli skips og bryggju í þeirri atvinnuleysislöggjöf sem er í gildi í dag. Er sá hópur reifaður sérstaklega í fyrri umsögn



Alþýðusamband Íslands

sambandsins. Vegna aðstæðna og óvissu fólks er ekki ólíklegt að fólk þurfi að þiggja atvinnuleysisbætur tímabundið. Það þarf því að skoða framfærslu Grindvíkinga í stærra samhengi en eingöngu út frá stuðningi vegna launa- greiðslna/tekna og hvar sérstakra breytinga er þörf.

ASI er reiðubúið til frekara samtals, sé þess óskað.

Fyrir hönd Alþýðusambands Íslands,

Halldór Oddsson, sviðsstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs
Karen Ósk N. Björnsdóttir, lögfræðingur